

Stjórnarfundur STEFs 20. apríl 2021

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs miðvikudaginn 20. apríl 2021 og hófst hann kl. 11:00.

Fundarmenn voru: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius, Hallur Ingólfsson, Páll Ragnar Pálsson og Hildur Kristín Stefánsdóttir. Að auki sat Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjórinn fundinn. Þórunn Gréta Sigurðardóttir tengdist fundinum með fjarfundarbúnaði.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 27. janúar, sem og útdráttur úr fundargerð lögð fram og samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfseminu frá síðasta stjórnarfundu lagt fram. Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:
 - a) Umsögn STEFs til Alþingis vegna frumvarps um þjóðsöng Íslendinga.
 - b) Drög að menningarstefnu birt í samráðsgátt.

Bragi Valdimar gerði sérstaklega grein fyrir vinnunni við gerð menningarstefnunnar. Ljóst er að höfundaréttarkafli hennar er mjög útþynntur frá því sem vinnuhópurinn lagði upp með. BÍL hefur gert allnokkrar athugasemdir við menningarstefnuna.
 - c) Drög að reglum um viðurkenningu réttahafasamtaka og umsögn STEFs.
 - d) Yfirlit yfir stöðu samninga *Polaris Hub* við tónlistarveitur (trúnaðarmál).

Þá voru eftirfarandi atriði einnig kynnt stuttlega:

- Ráðning nýs starfsmanns undir atvinnuáttaks stjórnvalda og breytingar á skrifstofu STEFs.
 - Úthlutun á fjármunum frá Netflix í gegnum STIM.
 - Framtíðarsviðsmynd NMP dótturfélags NCB.
 - Vinna „Allsherjarnefndar“ STEFs.
 - Viðburðir framundan.
3. IHM – ákvörðun um tillögu sáttamanns. Tómas Jónsson hrl. kom sem gestur á fundinn undir þessum lið. Lögð var fram sáttatillaga dags. 27.03.2021 ásamt fylgibréfi og punktum STEFs fyrir fund með sáttamanni.

Framkvæmdastjóri og Tómas gerðu grein fyrir því ferli sem verið hefur í gangi varðandi úthlutun til aðildarfélaga IHM fyrir eintakagerð til einkanota. Sátttaferli skv. samþykktum IHM er nú lokið með framlagningu sáttatillögu Viðars Mús Matthíassonar. Virðist sáttamaður aðallega byggja lækunartillögu sína á því að aukið streymi tónlistar hefði haft þau áhrif að dregið hafi úr eintakagerð, nokkuð sem hann virðist einkum byggja á eigin hyggjuviti, en engin gögn liggja til grundvelli þeirrar ályktunar hans. Skv. þeim gögnum sem STEF hefur nú aflað, virðist lítið styðja þessa ályktun hans, þvert á móti má segja að aldrei hafi verið auðveldara að hlaða niður tónlist með aðstoð Spotify, sem býður upp á þennan möguleika í sinni þjónustu, en yfir 100.000 notendur á Íslandi greiða áskriftargjöld til Spotify og þ.á.m. um 30 þúsund fyrir fjölskylduáskrift, þar sem notendur eru mun fleiri. Stjórnin telur kjarnann í röksemdafærslu STEFs vera þann, að tækibreytingar hafi ekki leitt til þess að úthlutun til STEFs ætti að lækka. Rætt var um hvort STEF geti aflað frekari gagna til framlagningar sem styðja við þessa röksemdafærslu.

Nokkur umræða var einnig um hugsanlegan kostnað við gerðardóm. Stjórnin telur sig bera mikla ábyrgð gagnvart meðlimum STEF um að láta reyna á málstað STEFs fyrir gerðardómi, en ef fallist yrði á tillögu sáttamanns yrði tjónið umtalsvert fyrir meðlimi STEFs og ljóst að mjög erfitt yrði í framtíðinni að vinda ofan að slíku eða sækja frekari tekjur til IHM.

Á grundvelli ofangreinds samþykkti stjórn að hafna sáttatillögunni og láta reyna á málið fyrir gerðardómi skv. samþykktum IHM. Í þessu sambandi samþykkti stjórnin einnig að fulltrúar STEFs í stjórn IHM gætu leitað sátta í millitíðinni, sem og að samþykkja að gerðardómur myndi gilda að lágmarki í einhvern tiltekinn tíma, t.d. í fimm ár, þannig að burtséð frá niðurstöðu hans yrði ákveðin friðarskylda innan IHM að þessu leyti.

4. Verðskrá fyrir trú- og lífsskoðunarfélög.

Drög að nýrri verðskrá fyrir trú- og lífsskoðunarfélög var lögð fram, en hún byggist á samningi STEFs við Þjóðkirkjuna. Var verðskráin samþykkt og tekur hún nú þegar gildi.

5. Drög að fjarvinnustefnu kynnt.

Rætt var um markmið með fjarvinnustefnu og áskoranir vinnustaða í því sambandi. Drögin voru samþykkt með smávægilegri orðalagsbreytingu, með þeim fyrirvara að hún verði kynnt starfsfólki og því gefinn kostur á að gera við hana athugasemdir áður en hún verður innleidd.

6. Undirbúningur fulltrúaráðsfundar 8. maí 2021.

Lögð var fram fundarboðun fulltrúaráðsfundar, sem send var út daginn fyrir stjórnarfundinn. Farið var yfir dagskrá fundarins og rætt um fyrirkomulag hans. Þá var afgreidd tillaga til fulltrúaráðsfundar varðandi laun stjórnarmanna fyrir næsta starfsár.

Sigurður Flosason kom fram með þá hugmynd, að biðja formann fulltrúaráðs að kynna á fundinum stuttlega undir liðnum önnur mál, hvernig miði vinnu „Allsherjarnefndar“, hvert sé markmiðið með þeirri vinnu og hver tímalínan sé. Var framkvæmdastjóra falið að koma þessari ósk áleiðis til Aðalsteins Ásbergs.

7. Önnur mál.

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir sjálfsmati stjórnar, en send hefur verið út könnun til stjórnarmanna, og voru þeir, sem ekki hafa svarað, hvattir til að gera það sem fyrst. Niðurstöður sjálfsmatsins verða kynntar á næsta stjórnarfundum.
- b) Bragi Valdimar vakti athygli á því að rétt væri að hefja að nýju vinnu samráðshóps tónlistariðnaðarins vegna áhrifa COVID-19.
- c) Hildur Kristín kom með ábendingu um að STEF stæði að fleiri fræðsluviðburðum, sem gætu aðstoðað tónhöfunda við að byggja upp feril sinn í því ástandi sem fylgt ehfur COVID-19. Nefndi hún nokkur dæmi í því sambandi og mun framkvæmdastjóri skoða þetta betur í samráði við Hildi.
- d) Þórunn Gréta vakti athygli á máli sem hefur verið nokkuð fjallað um í fjölmiðlum og varðar höfundarétt að handriti sjónvarpsþáttaðarinnar *Systrabönd*, en fram hefur stigið höfundur sem telur að handritið sé byggt á leikriti sem viðkomandi skrifaði og var flutt í Borgarleikhúsinu og hafi sjónvarpsþáttaröðin gert framtíðarmöguleika hennar að frekari nýtingu höfundaverks hennar að engu. Stjórnin telur mikilvægt að fylgjast með niðurstöðu þessa máls og að láta síðan í sér heyra í framhaldinu og stuðla þannig að faglegri nálgun á höfundarétt.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:50.